



## Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:  
María Hermundsdóttir, Kópaskeri. Sími 465-2170/866-7018  
Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111  
Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126  
Í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands er  
boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og  
stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein  
og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á  
[www.krabb.is](http://www.krabb.is) og í síma 800-4040.



### Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.  
Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202  
fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.  
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 16. nóvember 2016.  
Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.  
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
44. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 9. nóvember 2016



### Smalabitinn 2016

Verður haldinn laugardaginn 19. nóvember í Þórsveri á Þórshöfn.  
Húsið opnar kl 19:30 og gleðin hefst kl 20:00.  
Boðið verður upp á fordrykk við innganginn.  
Miðaverð á borðhald og ball 6500 kr. Miðaverð á ball 2500 kr.  
Hljómsveitin Lúxus leikur fyrir dansi.  
Skráning þarf að hafa borist fyrir þriðjudagskvöldið 15. nóvember til  
Sirrýar í síma 892-0515 eða Steinunnar í síma 865-0945.

*Minum á 18 ára aldurstakmark.*

Smalabitanefndin

# JÓLAMARKAÐURINN Á ÞÓRSHÖFN

LAUGARDAGINN 12. NÓVEMBER 2016 KL. 12-17 Í ÍPRÓTTAHÚSINU

**Víkurráð á Húsavík** - heimilistæki, ljós, gjafavara ofl.

**Óðinsauga** - bækur, barnabækur í miklu úrvali

**Dimension of sound** - íslenskir gæðahátalarar

**Garðarshólmi á Húsavík** - gjafavara og fót

**Imperial** - Kvenmanns- og karlmannsföt

**Doremí** - Barnaföt og karlmannsföt

**Skóbúð Húsavíkur** - skór, útiföt, íþróttaföt ofl.

**Sælusápur úr Kelduhverfi** - sápunar sívinsælu, kerti ofl.

**Hjartalag** - Íslensk hönnun, gjafavara

**Gullubúð** - glervara, jólaskraut og annað „nýtt“ úr kjallaranum.

**Berg Íslensk hönnun** - vegglímmiðar og eggjandi hönnun

**Black og basic** - skartgripir og gjafavara

**Twill.is** - ýmis gjafavara

**HM** - handverk og skart

**Vanda** - vinnuvettlingar framleiddir í heimabyggð

**Fræbær** - Sælgæti úr íslenskri hvönn af Langanesinu

**Skerjakolla** - leikföng, ullarvörur ofl.

**Norðurhjari** - gjafabréf og kynning

**Forystufjársetur** - handverk ofl.

**Akursel** - gulrætur og fleira góðgæti

**Kátar klemmur** - gæða þvottaklemmur

**Snyrtistofa Valgerðar** - snyrtivörur

**Volare** - krem og snyrtivörur myndlist, hárvörur, skart ofl.

Athugið að ekki eru allir söluaðilar með posa



Barnapössun frá kl. 13 - 16

Happdrætti 8. bekkjar með glæsilega vinninga. Dregið kl. 15.30

Pizzusneiðar seldar kl. 16

Fjallalamb með smakk af jólahangiketinu og fleira ljúfmeti

Kaffihús foreldrafélagsins á sínum stað með ljúffengar veitingar

Jólaconfekt í boði Nóa Sirius kl. 16 og jólaöl til að skola því niður :)





## Opinn fundur Framfarafélagsins

Framfarafélag Öxarfjarðar auglýsir opinn fund þriðjudaginn 15. nóvember klukkan 19:30 í Grunnskólanum í Lundi.

Dagskrá:

- Undirbúningur aðalfundar
- Hverfisráð
- Sólstöðuhátíð 2017 og fyrirtækjadagur
- Staða Öxarfjarðar í sókn
- Íbúafloitti/ Íbúðalánasjóður og aðrar opinberar stofnanir
- Ferðamannastaðir- uppbygging
- Önnur mál

Allir sem vettlingi geta valdið hvattir til að mæta og leggja sitt af mörkum að efla Öxarfjarðarhérað. Kaffi á könnunni.

Kveðja, stjórnin

Fréttatilkynning frá Íslandsdeild Amnesty International

## „Þið eruð hetjurnar mínar“



Mannréttindahetjan Moses Akatugba verður gestur Íslandsdeildar Amnesty International nú í nóvember ásamt Damian Ugwu yfirmanni rannsóknastarfs hjá Amnesty International í Nígeríu.

Moses mun fjalla um reynslu sína sem þolandi grófra pyndinga af hálfu lögreglu og hers í Nígeríu, áratuginn sem hann sat á bak við lás og slá, tíma sinn á dauðadeild, langþráða náðun á síðasta ári í kjölfar

Bréfamarafons Amnesty International 2014 og mikilvægi þess að berjast fyrir réttindum annarra þolenda mannréttindabrota.

Frá Íslandi bárust 16.000 bréf, sms-aðgerðir og póstkort í Bréfamarafoninu til stuðnings máli Moses.

Þegar ljóst varð í maí 2015 að Moses yrði náðaður sagðist hann djúpt snortinn. „Ég þakka Amnesty International og aðgerðasinnum fyrir stórkostlegan stuðning sem gerði mig að sigurvegara í þessum aðstæðum. Þið eruð hetjurnar mínar. Án þeirra þúsunda bréfa og undirskrifa sem send voru til stuðnings máli mínu hefði ég mögulega aldrei hlotið frelsi. Ég er sönnun þess að Bréfamarafonið virkar í reynd. Þið hafið blásið mér í brjóst löngunina til að gerast aðgerðasinni sjálfur – að berjast fyrir aðra.

Viltu ganga til liðs við mig?

Viltu berjast fyrir frelsi annarra sem eru ranglega fangelsaðir, með þátttöku í Bréfamarafoni Amnesty?

Vinsamlegast, taktu þátt í að bjarga lífi.

Aðgerðir þínar eru ekkert minna en kraftaverk.“

*Bréfamarafonið verður haldið í Skerjakollu á Kópaskeri í desember eins og undanfarin ár.*

BEINT FLUG FRÁ AKUREYRI

19. - 23. apríl 2017

MIKIÐ  
AF SÆTUM  
FARIN!

Edinborg

Fyrirtæki, hópar, starfsmannafélög, hjón, pör og einstaklingar!  
Beint flug frá Akureyri til Edinborgar 19. - 23. apríl 2017

**Takmarkaður sætafjöldi í boði.**

Edinborg er glæsilegasta borg Skotlands og þó víða væri leitað. Stórkostlegur arkitektúr frá fyrri öldum blasir víða víð, fallegt umhverfi, úrval kaffihúsa, veitingahúsa og verslana er bjóða góð kjör. Borgin er staðsett í einstaklega fallegu umhverfi og er hún í miklu uppáhaldi hjá ljósmyndurum, svo myndræn er hún. Þröng steinilögð strætin, glæsilegar byggingar frá miðöldum og fallegir garðar. Þá er miðbærinn á minjaskrá Unesco.

Nánari upplýsingar í síma 588 8900 eða í tölvupósti [egill@transatlantic.is](mailto:egill@transatlantic.is)

**Verð á mann frá 114.600 kr.**

í tveggja manna herbergi. Innifalið: Flug, hótél með mat, rúta til og frá flugvelli og íslenskur fararstjóri.




Trans - Atlantic  
Sími 588 8900

Upplýsingar í síma 588 8900

[www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)

Leikstjóri: Agnes Wild

MAK  
MENNINGARFÉLAG  
AKUREYRAR



Elska

Ástarsögur  
Norðlendinga



11. og 12.  
nóvember  
kl. 20:00

Í Hofi



LEIKFÉLAG  
AKUREYRAR

